



Umboðsmaður barna
ub@barn.is

Dagsetning
Málsnúmer

23. september 2025
FJR25080061

Svar við erindi um eftirfylgni með niðurstöðum barnaþings

Vísað er til erindis umboðsmanns barna sem barst 29. ágúst sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvernig brugðist hafi verið við niðurstöðum barnaþings árin 2019, 2022 og 2023 innan málefnasviðs ráðuneytisins.

Hér á eftir fylgir yfirlit yfir þær tillögur og spurningar sem settar voru fram af hálfu Barnaþinganna sem vísað er til, sem varða málefnasvið ráðuneytisins, ásamt viðbrögðum við þeim.

1. Barnaþing 2019

1.1 Barnaþingmenn vildu að skattar yrðu lækkaðir og sérstaklega var tekið fram að börn eigi að borga lægri skatta. Talsverð áhersla var einnig lögð á það að börn eigi ekki að greiða skatt fyrr en við 18 ára aldur.

Skattkerfið á Íslandi byggir á þeirri grundvallarreglu að allir sem afla tekna skuli taka þátt í fjármögnun opinberra útgjalda samfélagsins. Þannig er ekki talið réttmætt eða sanngjarnt að mismuna tekjuaflandi einstaklingum eftir aldri heldur er fremur horft til atriða á borð við félagslega stöðu. Frá 16 ára aldri er litið á barn sem sjálfstæðan skattaðila og eiga sömu reglur þá við um hann og fullorðna einstaklinga.

Hvað varðar stöðu barna þá er unnt að benda á að við skattlagningu tekna njóta einstaklingar persónuafsláttar. Persónuafslætti má lýsa sem frítekjumarki sem tryggir að tekjulægri einstaklingar halda eftir stórum hluta launa sinna. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að koma í veg fyrir að ungmenni með takmarkaðar tekjur, og sem ætla má að séu í flestum tilfellum undir skattleysismörkum, beri þunga skattbyrði. Auk þess má benda á að barnabætur eru greiddar til framfæranda barna þar til þau eru orðin 18 ára.

1.2 Barnaþingmenn vildu að kennarar, hjúkrunarfræðingar, heimilislæknar og strætóbílstjórar fengju greidd hærri laun. Varðar málefnasvið ráðuneytisins að hluta.

Kennarar, hjúkrunarfræðingar, læknar og strætóbílstjórar eiga að fá sanngjörnt laun fyrir störf sín, enda sinna þessar stéttir mikilvægum störfum sem samfélagið treystir á. Einnig þarf að viðurkenna framlag margra annarra stétta og þar má t.d. nefna bændur sem framleiða matinn okkar, starfsfólk í byggingariðnaði sem reisir og viðheldur byggingum og innviðum sem við notum og fjölmiðlafólk sem upplýsir okkur um það sem gerist í samfélaginu.

1.3 Jöfn laun fyrir konur og karla. Varðar málefnasvið ráðuneytisins að hluta.

Samkvæmt jafnréttislögum skal greiða konum, körlum og fólki með kynhlutlausu skráningu í Þjóðskrá jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Greiningar á launum hjá ríkinu sýna að fólk sem vinnur sömu störf, þ.e. er með sama starfsheitið eins og t.d. lögreglufólk, hjúkrunarfólk eða kennarar fá sambærileg laun. Málið flækist hins vegar þegar talað er um jafn verðmæt störf því hingað til hefur ekki

verið til neitt mælitæki til að meta hvaða störf geti verið jafn verðmæt þrátt fyrir að vera ólík. Nú verður vonandi breyting þar á því að í síðustu kjarasamningum var ákveðið að fara í verkefni sem heitir „virðismat starfa“ en það gengur út á að útbúa mælikvarða til að meta virði starfa sem byggja á alþjóðlegri viðurkenndri aðferðarfræði þróaðri af Alþjóða vinnumálastofnuninni. Þegar því lýkur verður vonandi hægt að meta virði starfa þvert á ríkið og leiðrétta ómálefnalegan launamun sé hann til staðar.

2. Barnaþing 2022

Engar tillögur eða spurningar í skýrslunni heyra með beinum hætti undir fjármála- og efnahagsráðherra.

3. Barnaþing 2023

3.1 *Af hverju fær ríkið skattpeningana mína frá 16 ára aldri en ég fæ ekki að ákveða hver situr í ríkisstjórn fyrr en ég verð 18?* Fyrri hluti spurningarinnar endurspeglar sambærilega spurningu af barnaþingi 2019, sjá framar. Seinni hluti spurningarinnar heyrir undir dómsmálaráðherra.

Rétt er að taka fram að þótt einstaklingur sé ekki orðinn sjálfstæður skattaðili þá eru tekjur hans engu að síður skattlagðar.

Tillögum um breytingar á aldursviðmiðum, t.d. fyrir sjálfræði, þátttöku í kosningum eða ákvarðanir á sviði heilbrigðismála þarf að fylgja rökstuðningur þar sem mat er lagt á þroska og ábyrgð og horft til bæði hagsmuna barna og samfélagsins. Umboðsmaður barna getur veitt aðstoð við að setja fram rök um hvernig tillaga að breyttu aldursviðmiði fellur að slíkum sjónarmiðum.

3.2 *Barnaþingmenn vilja lækka verðbólgu.*

Þessi krafa samrýmist áherslum stjórnvalda sem m.a. birtast í fjármálaáætlunum núverandi og síðustu ríkisstjórnar. Það er gert með því að halda aftur af eftirspurn í hagkerfinu, svo sem með hækkun vaxta eða með því að bæta afkomu í opinberum fjármálum.

F.h. ráðherra

Haraldur Steinþórsson

Ásta Bjarnadóttir